

standa. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Nr. 5/1890.

Rjettvísun

gegn

Guðrúnu Guðmundsdóttur.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Vestmannaeyjasýslu, gengnum 23. jan.mán. þ. á., var hin ákærða Guðrún Guðmundsdóttir dæmd fyrir einfaldan þjófnað, framinn í fyrsta sinn, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, svo og til að greiða allan kostnað af málinu. Þessum dómi hefur að beiðni hinnar ákærðu verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, að hún í haust er leið tók ófrjálstri hendi frá húsbændum sínum þá muni er nú skal greina: 3 ósoðna saltkjötsbita, 1 ósoðinn lundabagga, 1 blóðmörsiður, 2 pd. af hveiti, dálítið af grænsápu, nokkrar agnir af soda, ullarlagð, svo sem í eina kembu, ullarband svo sem 2var eða 3var í hespubrot, 1 sneið af brauði yfir um brauðið, 3 jarðepli, 3 hvítasykursmola, nokkrar dúkþjötur, 1 hnefa af kaffi, $\frac{1}{2}$ —1 pd. af smjöri, og gulsápustykki tæpt $\frac{1}{4}$ pd.

Alla þessa muni, nema bandið, sem húsmóðir hennar hafði fengið henni í því skyni, að hún notaði það til að gjöra við peisu vinnumannsins með, og nokkuð af ullinni, tók hún í loptherbergi, er hún og hinar aðrar vinnukonur gengu um. Munirnir eru virtir alls: 2 kr. 14 a., og eru fengnir eigendunum, að undanskildu smjörinu og kaffinu, er ekki hefur komið til skila og ekki hefur sannast, hvað af hefur orðið, en sem þeir hafa fráfallið endurgjaldi fyrir. Hin ákærða hefur skýrt frá, að hún hafi leiðzt til að stela þessu sökum fátæktar foreldra sinna, og af því, að bræður hennar litlu hafi opt verið soltnir og hún því hafi ætlað að gefa þeim það, sem ætt var af því.

Þetta afbrot hinnar ákærðu, sem er 26 ára að aldri og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt lagabrot — að vísu hefur ekki verið útvegað hegningarovottorð frá Reykjavík, þar sem hún dvaldi í rúmt ár, en vottorð um góða hegðun hennar frá húsbændum hennar þar hefur verið lagt fram fyrir landsyfirdóminum — hefur hjeradsdómarinn með rjettu heimfært undir 230. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þótt þýfið væri lítils virði, þá, með því að hin ákærða stal frá húsbændum sínum, virðist hegningin af honum hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því landsyfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeradsdómsins, að því til málskostnaðar kemur, ber að öllu leyti að staðfesta hjeradsdóminn. Ákærðu ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærða Guðrún Guðmundsdóttir greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málf lutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 59/1889.

Páll Jóakimson

gegn

Marteini Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað af stefnda, Marteini Þorgrímssyni á Hafralæk, fyrir lögreglurjetti Þingeyjarsýslu, gegn áfrýjandanum Páli Jóakimssyni í Árbót út af því, að áfrýjandinn, er stefndi taldi sig hafa verið vistráðinn hjá krossmessuárið 1888—1889, hefði slegið stefnda í andlitid til blóðnasa og skemmda 21. okt. 1888, og vísað honum síðan úr vistinni, og krafðist stefndi því fyrir lögreglurjettinum árskaups hjá áfrýjanda að upphæð 40 kr. og matarverðs samkvæmt hjúalögnum frá nefndum degi 21. okt. 1888, til hjúaskildaga 1889, og málskostnaðar, samt bóta fyrir áverka, en til vara krafðist hann matarverðs samkvæmt greindum lögum og málskostnaðar, og enn til vara sumarkaups allt að 60 kr. og málskostnaðar eptir reikningi. Var málið dæmt 11. maí f. á., á þá leið, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda í sumarkaup 1888 48 kr., en var